

Haustfundur SKÍ 2018

haldið í Reykjavík 5.-6.október



Breyting á reglugerð - nr. 5

Tillaga að breytingu á reglugerð um eftirlitsmenn

Flutningsaðili: Stjórn SKÍ

Var:

1. Eftirlitsmaður skal hafa lokið námskeiði á vegum SKÍ og hafa tilskilin réttindi.
2. Á Skíðamóti Íslands, Unglingameistaramóti Íslands og bikarmótum er eftirlitsmaður skipaður af SKÍ og má hann ekki vera frá sama héraði og heldur mótið. Á héraðsmótum er eftirlitsmaður skipaður af viðkomandi skíðaráði/skíðafélagi.
3. Eftirlitsmaður fylgist með undirbúningi og framkvæmd mótsins og er mótsstjóra til ráðuneytis. Hann er formaður dómnefndar. Mótsstjórn skal hafa samband við eftirlitsmann í tíma og senda honum afrit af boðsbréfi á mótið og upplýsingum um undirbúning mótsins.
4. Eftirlitsmaðurinn er aðalfulltrúi SKÍ á mótinu og skal sem formaður dómnefndar sjá um að mótsreglum og reglugerðum SKÍ sé framfylgt í hvívetna. Mótsstjórn ber að fara að fyrirætlum hans. Hann skal hafa samvinnu við fararstjóra og þjálfara keppenda.
5. Eftirlitsmaðurinn skal vera til staðar á Skíðamóti Íslands frá því daginn fyrir mót þannig að hann geti fylgst með lokaundirbúningi og tæknibúnaði. Eftirlitsmaðurinn getur gefið mótstjórn fyrirætlum vegna framkvæmdarinnar. Við önnur mót skal eftirlitsmaðurinn koma tímanlega fyrir keppni, helst daginn áður. Hann skal vera viðstaddur við röðun í ráshópa og úrdrátt á rásröð. Aðrar mikilvægustu skyldur eftirlitsmanns eru:
 1. Taka út brautir í samvinnu við dómara (sem er sérfræðingur dómnefndar í tækniatriðum) eftir að þær hafa verið lagðar og athuga sérstaklega að brautirnar séu tæknilega í samræmi við mótsreglur og að undirbúningur brautarstæðis sé fullnægjandi.
 2. Gætt sé fyllsta öryggis og tekið tillit til áhrifa veðurs á brautirnar.
 3. Val og undirbúningur á rás- og endamarki sé samkvæmt leikreglum.
 4. Keppendum sé tryggður aðgangur að lyftum.
 5. Samband milli rásmarks og endamarks sé öruggt.
 6. Læknis- og öryggisþjónusta sé tryggð.
6. Innan tveggja daga frá keppni skal eftirlitsmaður senda skriflega skýrslu til SKÍ. Skýrslan skal innihalda upplýsingar um framkvæmd, skipulag og tæknileg atriði keppninnar auk þess um veður, færi, óvenjulega atburði, úrskurði og slys og annað sem skiptir máli.

Afgreiðsla:

Samþykkt Felld



Haustfundur SKÍ 2018

haldið í Reykjavík 5.-6.október

7. Í alþjóðlegum mótum er eftirlitsmaðurinn, "Technical Delegate" (FIS-TD), tilnefndur af FIS. SKÍ tilnefnir aðstoðarmann eftirlitsmanns í samráði við mótstjórn sem er tengiliður við undirbúning mótisins og aðstoðarmaður á mótinu.
8. Til að öðlast réttindi til að starfa sem eftirlitsmaður SKÍ verður viðkomandi að hafa staðist skriflegt og verklegt próf. SKÍ gefur út skírteini sem allir eftirlitsmenn verða að hafa. Skírteinið gildir í 5 ár.
9. Sá sem hlotið hefur réttindi sem eftirlitsmaður á bikarmótum SKÍ þarf að sækja fræðslunámskeið SKÍ til að viðhalda réttindum sínum.
10. Eftirlitsmaður sem ekki sækir námskeið SKÍ án gildrar ástæðu í tvö ár missir réttindi til að starfa sem eftirlitsmaður SKÍ. Til að öðlast skírteini að nýju þarf viðkomandi að taka prófið aftur.
11. Ef eftirlitsmaður forfallast verður að tilkynna það móta- og aganefnd sem tilnefnir nýjan eftirlitsmann strax. Ef eftirlitsmaður mætir ekki eða of seint á mótið af einhverjum ófyrirsjáanlegum orsökum og er þannig alveg eða að hluta til ófær um að sinna starfi sínu á mótinu verða mótshaldarar í samráði við fulltrúa annarra aðildarhéraða að tilfærna varamann úr röðum dómnefndarmanna á mótisstað.
12. Í neyðartilfellum má tilfærna eftirlitsmann sem ekki hefur fullgild réttindi en er fær um að tryggja framkvæmd mótisins. Áhersla skal lögð á að fá eins hæfan mann og unnt er. Varamaðurinn hefur sömu réttindi og skyldur og sá eftirlitsmaður sem upphaflega var tilnefndur.
13. Mótshaldarar skulu greiða eftirlitgjöld til SKÍ skv. gjaldskrá auk uppihalds og gistingar vegna eftirlitsmanns. SKÍ greiðir ferðakostnað eftirlitsmanns og dagpeninga til eftirlitsmanns skv. ákvörðun stjórnar.
14. Hvert aðildarfélag skal greiða samkvæmt gjaldskrá SKÍ árlega til SKÍ fyrir námskeiðahald eftirlitsmanna sem haldið verður í nóvember ár hvert.
15. Móta- og aganefnd SKÍ ber ábyrgð á því hvernig starf eftirlitsmanns er byggt upp og sér um að reglum um eftirlitsmann sé framfylgt.

Afgreiðsla:

Samþykkt Felld



Haustfundur SKÍ 2018

haldið í Reykjavík 5.-6.október

Verður:

Breyta nafni á reglugerð í: Reglugerð um eftirlitsmenn og dómara

Alpagreinar:

Fullorðinsflokkur (16 ára og eldri):

1. Öll mót fyrir þennan aldur skulu vera alþjóðleg FIS mót.
2. Eftirlitsmaður er skipaður af FIS og úthlutun fer fram á haustin.
3. Í einu og öllu skal fara eftir FIS reglum.

Unglingaflokkur (12-15 ára)

1. Á bikarmótum og Unglingameistaramót Íslands er eftirlitsmaður skipaður af SKÍ og má hann ekki vera frá sama félagi og heldur mótið. Einn eftirlitsmaður skal vera á hverju móti og skal hann hafa réttindi sem slíkur. Til að öðlast réttindi til að starfa sem eftirlitsmaður SKÍ verður viðkomandi að hafa sótt eftirlitsmannanámskeið. SKÍ gefur út skírteini sem allir eftirlitsmenn verða að hafa. Skírteinið gildir í 5 ár frá því að námskeiðinu lýkur.

Skíðaganga

Fullorðinsflokkur (17 ára og eldri):

1. Öll mót fyrir þennan aldur skulu vera alþjóðleg FIS mót.
2. Eftirlitsmaður er skipaður af FIS og úthlutun fer fram á haustin.
3. Í einu og öllu skal fara eftir FIS reglum.

Unglingaflokkur (13-16 ára):

1. Bikarmót fyrir þennan aldur skulu haldin samhliða FIS mótum í fullorðinsflokki. Eftirlitsmaður á bikarmótum er því skipaður af FIS.
2. Á Unglingameistaramóti Íslands er eftirlitsmaður skipaður af SKÍ og má hann ekki vera frá sama félagi og heldur mótið. Einn eftirlitsmaður skal vera á hverju móti og skal hann hafa réttindi sem slíkur. Til að öðlast réttindi til að starfa sem eftirlitsmaður SKÍ verður viðkomandi að hafa sótt eftirlitsmannanámskeið. SKÍ gefur út skírteini sem allir eftirlitsmenn verða að hafa. Skírteinið gildir í 5 ár frá því að námskeiðinu lýkur.

Snjóbretti

Allir aldursflokkar:

1. Öll mót skulu vera alþjóðleg, annað hvort FIS eða TTR mót.
2. Á FIS mótum er eftirlitsmaður skipaður af FIS og úthlutun fer fram á haustin.
3. Á TTR mótum er enginn eftirlitsmaður.
4. Á bæði FIS og TTR mótum skal vera að lágmarki þriggja manna dómnefnd og einn skal vera tilnefndur yfirdómari. Allir dómara skulu hafa lokið FIS C dómara námskeiði á vegum SKÍ eða sambærilegu námskeiði erlendis.

Afgreiðsla:

Samþykkt Felld



Haustfundur SKÍ 2018

haldið í Reykjavík 5.-6.október

Almennar upplýsingar um hlutverk eftirlitsmanns á vegum SKÍ:

1. Eftirlitsmaður fylgist með undirbúningi og framkvæmd mótsins og er mótsstjóra til ráðuneytis. Hann er formaður dómnefndar. Mótsstjórn skal hafa samband við eftirlitsmann í tíma og senda honum afrit af mótsboði og upplýsingum um undirbúning mótsins.
2. Eftirlitsmaður er aðalfulltrúi SKÍ á mótinu og skal sem formaður dómnefndar sjá um að mótsreglum og reglugerðum SKÍ sé framfylgt í hvívetna. Mótsstjórn ber að fara að fyrirmælum hans. Hann skal hafa samvinnu við fararstjóra og þjálfara keppenda.
3. Eftirlitsmaður skal koma tímanlega fyrir keppni, helst daginn áður. Hann skal vera viðstaddur við röðun í ráshópa og úrdrátt á rásröð. Aðrar mikilvægustu skyldur eftirlitsmanns eru:
 1. Taka út brautir í samvinnu við dómara (sem er sérfræðingur dómnefndar í tækniatriðum) eftir að þær hafa verið lagðar og athuga sérstaklega að brautirnar séu tæknilega í samræmi við mótsreglur og að undirbúningur brautarstæðis sé fullnægjandi.
 2. Gætt sé fyllsta öryggis og tekið tillit til áhrifa veðurs á brautirnar.
 3. Val og undirbúningur á rás- og endamarki sé samkvæmt leikreglum.
 4. Keppendum sé tryggður aðgangur að lyftum.
 5. Samband milli rásmarks og endamarks sé öruggt.
 6. Læknis- og öryggisþjónusta sé tryggð.
4. Innan tveggja daga frá keppni skal eftirlitsmaður senda skriflega skýrslu til SKÍ. Skýrslan skal innihalda upplýsingar um framkvæmd, skipulag og tæknileg atriði keppinnar auk þess um veður, færi, óvenjulega atburði, úrskurði, slys og annað sem skiptir máli.
5. Ef eftirlitsmaður forfallast verður að tilkynna það til SKÍ sem tilnefnir nýjan eftirlitsmann strax. Ef eftirlitsmaður mætir ekki eða of seint á mótið af einhverjum ófyrirsjáanlegum orsökum og er þannig alveg eða að hluta til ófær um að sinna starfi sínu á mótinu verða mótshaldarar í samráði við fulltrúa annarra þátttökufélaga að tilnefna varamann úr röðum þátttökufélaga á mótsstað.
6. Í neyðartilfellum má tilnefna eftirlitsmann sem ekki hefur fullgild réttindi en er fær um að tryggja framkvæmd mótsins. Áhersla skal lögð á að fá eins hæfan mann og unnt er. Varamaðurinn hefur sömu réttindi og skyldur og sá eftirlitsmaður sem upphaflega var tilnefndur.
7. SKÍ ber ábyrgð á því hvernig starf eftirlitsmanns er byggt upp og sér um að reglum um eftirlitsmann sé framfylgt.

Afgreiðsla:

Samþykkt Felld



Haustfundur SKÍ 2018

haldið í Reykjavík 5.-6.október

Almennar upplýsingar um hlutverk dómara á vegum SKÍ:

1. Dómnefnd skal sjá til þess að framkvæmd mótsins fari fram í takt við reglur FIS og reglugerðir SKÍ. Dómnefnd fylgist með undirbúningi og framkvæmd mótsins og er mótsstjóra til ráðuneytis.
2. Dómnefnd skal koma tímanlega fyrir keppni, helst daginn áður. Hún skal sjá til þess að keppnisbraut sé í lagi og uppfylli þær reglur sem eru gerðar til hennar.
3. Dómnefnd sér um að dæma keppnisferðir hjá keppendum. Mikilvægt er að dómnefndir séu að dæma eftir sömu aðferðarfræði og ekki sé munur á dómgæslu á milli móta. Allir keppendur skulu dæmdir jafnt, óháð aldri.
4. Innan tveggja daga frá keppni skal yfirdómari senda skriflega skýrslu til SKÍ. Skýrslan skal innihalda upplýsingar um framkvæmd, skipulag og tæknileg atriði keppninnar auk þess um veður, færi, óvenjulega atburði, úrskurði, slys og annað sem skiptir máli.
5. Ef dómari forfallast verður að tilkynna það til SKÍ sem tilnefnir nýjan dómara strax. Ef dómari mætir ekki eða of seint á mótið af einhverjum ófyrirsjáanlegum orsökum og er þannig alveg eða að hluta til ófær um að sinna starfi sínu á mótinu verða mótshaldarar í samráði við fulltrúa annarra þáttökufélaga að tilnefna varamann úr röðum þáttökufélaga á mótstað.
6. Í neyðartilfellum má tilnefna dómara sem ekki hefur fullgild réttindi en er fær um að tryggja framkvæmd mótsins. Áhersla skal lögð á að fá eins hæfan mann og unnt er. Varamaðurinn hefur sömu réttindi og skyldur og sá dómari sem upphaflega var tilnefndur.
7. SKÍ ber ábyrgð á því hvernig starf dómara er byggt upp og sér um að reglum um dómara sé framfylgt.

Gjöld vegna eftirlitsmanna og dómara:

Dagpeningar eftirlitsmanna og dómara SKÍ	10.000 kr. per dag	Greiðist af mótshaldara
Dagpeningar eftirlitsmanna FIS	Eftir reikningi	Greiðist af mótshaldara
Gisting og uppihald eftirlitsmanna og dómara	Bókast af mótshaldara	Greiðist af mótshaldara
Ferðalag eftirlitsmanna og dómara	Bókast af SKÍ	Greiðist af SKÍ

Útskýring og rökstuðningur

Í dag eru öll mót í fullorðinsflokki í öllum greinum orðin FIS mót. Mikilvægt er að aðlaga okkar reglugerðir að því og þá FIS reglum um eftirlitsmenn. Þægilegri uppsetning og skýrari upplýsingar um eftirlitsmenn SKÍ, hvaða mótum þeir tilheyra o.s.frv. Nýr kafli um dómara fyrir snjóbretti sem var ekki áður.

Upplýsingar um hlutverk eftirlitsmanns og dómara sem er alveg nýr kafli. Í lokin eru svo sömu upplýsingar um greiðslufyrirkomulag og kemur fram í gjaldskrá.

Afgreiðsla:

Samþykkt Felld